

Þórutóft í Seljadal

Könnunarskurður



Lilja Björk Pálsdóttir
ásamt Magnúsi Á. Sigurgeirssyni



FS509-08166

Mars 2013

Forsíðumynd: Könnunarskurður í Þórutóft, Seljadal. Lilja Björk Pálsdóttir tók mynd.

© Fornleifastofnun Íslands 2011

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Inngangur

Árið 2008 var hafist handa við að gera úttekt á menningarminjum í Seljadal. Lítið er vitað um sögu dalsins, sem nú er í eyði, en í honum er að finna fjölbreytilegar minjar frá upphafi byggðar á Íslandi til 19. og 20. aldar¹. Þar á meðal var áður óþekkt tóft (SP-282:083) sem hlaut vinnuheimtið Þórutóft. Tóftin var skráð af þeim Elínu Ó. Hreiðarsdóttur og Birnu Lárusdóttur sumarið 2008. Það var svo í framhaldi af skráningunni að fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands ses (FSÍ) fóru á Seljadal til frekari rannsókna þann 9. júlí 2010. Meginmarkmið ferðarinnar var að kanna aldur tóftarinnar með könnunarskurði auk þess sem vonast var til að hægt yrði að sjá hvert hlutverk hennar hefur verið.

Í hópnum voru Howell Magnús Roberts, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, David Stott og Lilja Björk Pálsdóttir öll frá FSÍ en einnig slóst með í förina Unnsteinn Ingason á Narfastöðum.



Mynd 1 Horft yfir tóftina til suðvesturs.

Í fornleifaskráningu er tóftinni lýst svo:

„**SP-282:083** tóft óþekkt 65°39.526N 17°22.74


Sigin tóft er á Seljadal, rúnum 300 m VSV við tóft 019a. Tóftin er um 125 m suðvestan við vörðu 019e.

Tóftin er í lyngivöxnum móa, í svolitlum halla til vesturs en vestar eru víða mýrar. Tóftin er vaxin fjalldrapa og lyngi.

¹ Elín Ó. Hreiðarsdóttir, 2009. Bls. 5.

Tóftin er lyngivaxin. Hún er 15 X 12 m stór og snýr norður-suður. Erfitt er að greina skiptingu tóftar vegna þess hversu sigin hún er en helst er að giska á að hún skiptist í 6 hólf sem hverju er gefinn bókstafur hér til aðgreiningar. Hólf A er nyrst í tóftinni og er einna stærst. Það er í raun L-laga. Sá hluti sem snýr austur-vestur er um 8 X 1 m að innanmáli en anginn sem liggur norður-suður frá vesturenda er 4 X 1 m að innanmáli. Sunnan við hólf A er svo hólf B sem er um 4 X 4 m að innanmáli. Úr því er innangengt yfir í hólf C sem er sunnar og er 3 X 1 m að stærð. Hólf C snýr austurvestur og ekki eru önnur op á það en þegar er getið. Hólf D er vestan við hólf C. Það er um 3 X 1 m að stærð og snýr norður-suður. Vestan við það er svo fimmta hólf, E sem er 4 X 1 m að innanmáli, snýr norður-suður og virðist opið til suðurs. Allra syðst er svo ógreinilegt hólf á tóftinni, F. Það er um 4 X 1 m að stærð og snýr austur-vestur og virðist opið til vesturs. Hugsanlegt er að op hafi verið á suðurvegg þessa hólfis en það gæti einnig verið rof. Veggir tóftarinnar eru víða um 0,4 m á hæð en ytri brún veggja er óskýr. Greinilega má hins vegar víða sjá innri brún veggja og er gróðurfar innan í hólfunum örlítið frábrugðinn gróðurfari á veggjum og utan þeirra.

Hættumat: engin hætta ,²



Mynd 2 Uppdráttur af tóftinni.³

² Elín Ó. Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir, 2009.

³ Sama.

Uppgröftur

Grafinn var skurður í austurlanghlið tóftarinnar, inn í hólfi B. Skurðurinn var 3,26 metrar á lengd og 1 metri á breidd. Ekki var grafið í gegnum torfvegginn heldur voru fjarlægð áfokslög og torfhrun þar til komið var niður á torfvegg. Innan tóftar var komið niður á gólflög og fyllingar stoðarhola. Fremur ætti að kalla gólflagið skán því ekki er um að ræða mikla uppsöfnun gólfs. Sýni voru tekin úr því til frekari rannsókna síðar.



Mynd 3 Að uppgreftri loknum.


Magnús á Sigurgeirsson jarðfræðingur kom á vettvang ásamt Orra Vésteinssyni og skoðaði snið með tilliti til gjóskulaga. Nokkrar gjóskur var að finna í sniðinu og gefa þær góðar vísbendingar um aldur tóftarinnar. Stungið hefur verið niður í svörðinn beggja vegna veggjarins þannig að myndast hefur stöpull af óhreyfðum jarðvegi sem torfinu verið hlaðið ofan á. Eins og sést á sniðteikningu á mynd 6 var landnámssyrpuna að finna undir torfveggnum sem þýðir að hún hefur verið við yfirborðið þegar torfið var skorið. Einnig var gjóska úr Heklugosinu 1104/-58 í áfokslagi sem lá upp að veggnum⁴.



Mynd 3 Skurðurinn mældur.

⁴ Magnús Á. Sigurgeirsson, 2010

Þar sem um er að ræða afar þunna gjóska sem einungis er sjáanleg á litlu svæði má ætla að um foklag sé að ræða, þ.e. hún hefur ekki fallið þarna hefur fokið annarsstaðar frá og sest í tóftardældina. Þetta er þó vísbending um háan aldur tóftarinnar, að áfokslag sem myndast eftir að notkun er hætt, fýkur gjóska sem er á eða nærri yfirborði og sest. Gjóskulög benda til að tóftin sé frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld.⁵



Mynd 4 Flatarteikning könnunarskurðar.




Yfir torfhruni, áfokslögum og veggnum liggur svo gjóska frá Veiðivötnum sem féll árið 1477. Það er því ljóst að þessi veggur hefur verið hlaðinn eftir 875 +/- 2 ár, hrunið er úr honum þegar áfokslög leggjast á með 12. aldar gjóska. En öruggustu efri mörkin eru V-1477 sem liggur óslitin yfir öllu saman.

Torf [006] var einnig að finna í norðausturhorni skurðarins, þ.e. fyrir utan torfhleðslu [010] sem virðist vera útveggur tóftarinnar.

Mynd 5 Gólfskán fremst hægra megin á mynd og stoðarholur. Horft til austurs.

⁵ Magnús Á. Sigurgeirsson, 2010



Mynd 6 Sniðteikning könnunarskurðar.

Lageininganúmer	Lýsing
1	Rótarlag
2	Gjóska, V-1477
3	Áfokslag
4	Áfokslag
5	Gjóska, H-1104/-58
6	Torf
7	Torfleifar m/ösku
8	Torfhrun
9	Torfhrun
10	Torfveggur
11	Fylling í stoðarholu
12	Fylling í stoðarholu
13	Stoðarhola
14	Stoðarhola
15	Pinnahola (Í [021])
16	Stoðarhola
17	Gjóska, LNS
18	Náttúrulegt, óhreyft
19	Gólfskán
20	Pinnahola (Í [013])
21	Stoðarhola
22	Stoðarhola
23	Stoðarhola

Tafla 1 Lageiningaskrá

Heimildir

Elín Ó. Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir. 2009. *Meningarminjar á Seljadal: Niðurstöður vettvangsúttektar á suðurhluta dalsins að austan*. FS425-08163. Fornleifastofnun Íslands.

Magnús Á. Sigurgeirsson. 2010. *Fornleifarannsóknir í Suður Þingeyjarsýslu sumarið 2010. Gjóskulagarannsókn*.

Fornleifarannsóknir í Suður Þingeyjarsýslu sumarið 2010

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netföng: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is / masig@mmedia.is

INNGANGUR

Dagana 13.-15. júlí 2010 var farin vettvangsferð á alls fjórtán minjastaði í Suður-Þingeyjarsýslu. Heimsótt voru forn sel og bæjarstæði við Mátvatn (Þyrilskot, Hallskot og Víðatóft), í Seljadal (Þórutóftir), suður af Mátvatni (Arnavatnssel, Gautlandasel, Girðingar og Sandvatnssel) og við Laxá (Beinisstaðir, Mýnesás og við Viðarhólma). Kumlateigur var skoðaður í Kumlabrekku suður af Vagnbrekku. Einnig voru kirkjugarðsminjar skoðaðar á Hofstöðum í Laxárdal og fornir sorphaugar á Skútustöðum. Tilgangur ferðarinnar var að aldursgreina fornminjar með hjálp gjóskulaga. Skoðuð voru jarðvegssnið á öllum ofangreindum stöðum, afstaða gjóskulaga til fornminja könnuð og gjóskusýni tekin til frekari skoðunar.

Rannsóknir hafa sýnt að talsvert er af gjóskulögum í jarðvegi á Norðausturlandi sem koma að notum við aldursákvarðanir fornminja. Þau gjóskulög sem mest hefur verið stuðst við eru, Landnámslagið (LNL) frá því um 870, V~940, H-1104, H-1158, V-1159, K-1262, H-1300, V-1410, V-1477 og V-1717. Í Mátvatnssveit er svokölluð Landnámssyrpa (LNS) skýr en í henni koma fyrir allt að sex dökk gjóskulög sem mynduðust á rúmlega 200 ára tímabili. Yngsta lagið í LNS er V~940. Þykkt LNS er á bilinu 6-10 cm (Sigurður Þórarinnsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984; 1992, Árni Einarsson *et al.* 1988, Karl Grönvold *et al.* 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 1998, Magnús Á. Sigurgeirsson *et al.* 2002; 2008).



Mynd 1. Minjastaðir vestan og sunnan Mývatns skoðaðir 13.-15. júlí 2010 (gps-punktur).

NIÐURSTÖÐUR

Þyrilskot (13.7.2010)

Snið var mælt í vesturprófil skurðar (mynd 2). Yfir torfi er H-1300, V-1477 og líklega V-1717. Í torfi er LNS með V~940 gjóskunni. Undir torfi er LNS *in situ*, vel varðveitt. Mannvistarlag er á milli LNL og V~940. Í hliðarbökkum skurðarins sást H-1104 liggja yfir torfhrun og einnig grátt (stálgrátt) lag nokkru ofar, mögulega V-1159, 8-10 cm eru á milli laganna (torfhrun). Bæði þessi lög liggja yfir niðurgröft, sem því er eldri. Elstu merki um mannvist í Þyrilskoti eru því frá upphafi 10. aldar en veggurinn er hlaðinn á seinni hluta 10. aldar eða 11. öld.


Hallskot

Snið var mælt í skurði-3 í innri túngarði (mynd 2). Næst yfir torfi er gjóskulagið V-1477. Tvö þunn dökk gjóskulög liggja í gegnum allt sniðið í torfi/torfblendingi. Samkvæmt smásjárskoðun eru um H-1300 að ræða í báðum tilvikum. Telja má víst að neðra lagið sé *in situ* en það efra í torfstreng. Undir þeim er torfblendingur. Undir mannvistarlögum er LNS með þremur gjóskulögum. Ekki er hægt að sjá V~940 gjóskuna í LNS. Elsti hluti garðsins er frá 10.-13. öld en yngsti hluti hans frá 14.-15. öld. Tvö sýni voru tekin úr skurði-2 (bæjarhóll), úr meintu H-1104/1158 og svo úr mögulegu H-1300 lagi ofarlega yfir torfi. Smásjárskoðun staðfestir að þessi lög eru til staðar.

Víðatóft

Snið er mælt í skurði-2 norðan í skálatóft (mynd 2). Yfir mannvistarlagi eru V-1477 og mögulega V-1159 og H-1104/1158. Undir mannvistarlögum er LNS *in situ*, ekki er hægt

að greina V~940 með vissu. Um 0,5 cm þykkur jarðvegur er á milli V-1159 og H-1104/1158. Mannvistarlögin eru að öllum líkindum frá 10.-11. öld. Í skurði-3 (jarðhús) eru V-1477 og H-1300 yfir torfi og LNS undir uppmokstri.



Mynd 2. Snið við Mátvatn.

Arnarvatnssel


Skoða snið í garð vestan rústahóls (skurður-4). Um 1,4 m eru niður á svart 15 cm þykkt gjóskulag, líklega Heklu-5. Gjóskulagið V-1477 liggur yfir garðinn. Í veggnum, á 50-95 cm dýpi, er torf með Heklu-3 og LNS, blandað kolum. Á 95-110 cm dýpi er uppmokstur með Heklu-3 og LNS. Þar undir er steril mold. Fremur erfitt er að sjá út aldur garðsins þar sem lítið er af gjóskulögum til að styðjast við. Ljóst er þó að hann er frá því fyrir 1477. Kjarni garðsins gæti verið mjög gamall.

Gautlandasel

Snið var mælt í skurði-2, utan í unglegri tóft. Undir unglegu torfi er V-1477, á 26 cm dýpi (mynd 3). Neðar tekur við 16 cm þykkur gjóskuríkur mór sem líklega er torf. Mór er í sniðinu niður að Heklu-3, sem er á 98 cm dýpi. Undir torfinu er grágrænt misþykkt gjóskulag, á 51 cm dýpi (gæti verið V~940 samkvæmt smásjárathugun). Litaskil eru á 54 cm dýpi, þar sem mórinn neðar dökknar. Þrjú dökk gjóskulög úr LNS eru neðan litaskilanna. Líklega er um mannvistarlag að ræða á milli V~940 og litaskilanna. Elstu merki um mannvist í sniðinu eru frá fyrri hluta 10. aldar. Torfveggurinn (sá elsti) er líklega frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld.

Beinisstaðir

Snið var mælt austan undir bæjarhól (mynd 3). Yfir mannvistarlagi, blandað kolum, eru V-1477 og H-1300. Neðarlega í mannvistarlaginu er líklega V~940 gjóskan. Þunnt mannvistarlag er undir gjóskunni, niður undir LNS. Elstu mannvistarlög á Beinisstöðum eru frá fyrri hluta 10. aldar eða jafnvel lokum 9. aldar.



Mynd 3. Snið við Gautlandasel, Beinistaði og Sandvatnssel.

Sandvatnssel (14.7.2010)

Snið var mælt í skurði-2, norðan við rústahól (mynd 3). Gjóskulögin V-1717, V-1477 og H-1300 eru yfir meintu mannvistarlagi (sem er óskýrt lag). Undir því er neðri hluti LNS varðveittur, en efri lög syrpuunar (V~940 og LNL) vantar (rofin burtu). Lítið er hægt að fullyrða um aldur meints mannvistarlags annað en að það er frá því fyrir 1300. Í skurði-1 er mikið rask strax ofan við neðsta lag LNS, sums staðar vantar LNS alveg. Efst eru merki um torf með V-1477. Jarðlög eru verulega röskuð í sniðinu.

Mýnesás

Skurður í garðlag var skoðaður. Torfhleðsla liggur næst ofan á V~940 og gjóskulögin V-1477 og H-1300 liggja yfir garðinn. Um 3-4 cm af ljósleitri mold er undir H-1300 niður að torfi. Í torfinu eru LNS og Hverfjallsgjóska en lítið af Heklu-3. Í vesturenda skurðar er mögulegt að H-1104/1158 liggja yfir torfhruni (sliþrótt og þunnt). Garðlagið er frá því talsvert fyrir 1300 og líklega einnig 1104/1158. Líkast til er það frá 10.-11. öld.

Girðingar

Snið við skálatóft (mynd 4). Yfir torfi eru gjóskulögin V-1717, V-1477, H-1300 og mögulega ljósa Heklulagið H-1104/H-1158. Ljósa lagið er 2 cm neðan H-1300 og um 2 cm ofan við torf. Í torfinu er V~940 gjóskan áberandi ásamt þunnu mannvistarlagi næst ofan á gjóskunni. Undir torfinu er V~940 *in situ*. Þunnt ljósleitt mannvistarlag er ofan á því. LNS, með fimm gjóskulögum, er varðveitt undir torfinu. Rústin er frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld.

Við Kleifarhólma við vesturbakka Laxár


Skurður í tóft. Veggur er úr allstórum steinum og um 20 cm þykkum torfstappa þar undir. Ofan á grjótinu eru V-1477 og H-1300. Torf liggur alveg niður að V~940 gjóskunni. Torfið er með LNS. Í innanverðri tóftinni er H-1104/H-1158 um 3 cm yfir smágrjóti (sem liggur í gólflagi) og torfi með LNS. Í prufuholu í ruslahaug um 20 m norðar er V~1477 yfir sorplagi og V~940 undir því. Þunnt torfblandað lag er næst ofan á V~940 gjóskunni, undir sorplaginu. Rústin er frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld.

Kumlabrekka

Skoða meint bátskuml í Kumlabrekku. Uppmokstur liggur næst ofan á lífrænu lagi, en undir því er grænleit þunn gjóska, líklega LNL. Svo virðist sem V~940 gjóskuna vanti í LNS, en LNS er annars vel varðveitt undir uppmokstrinum. V~940 gæti því hafa fallið eftir að kumlið var grafið og lent í róti/raski sem fylgdi greftrinum. V-1477 liggur yfir kumlinu. Kumlið er líklega frá fyrri hluta 10. aldar, sé gengið út frá því að V~940 hafi fallið um sama leyti eða skömmu eftir að kumlið var grafið.

Þórutóftir í Seljadal

Yfir torfvegginn liggja V-1477 og H-1300 (sunnan megin í skurði). Torfið er með LNS og dálítið af Heklu-3. Torfveggur virðist sitja næst ofan á V~940 gjóskunni. Slitrur af H-1104/1158 liggja yfir torfhruni um 0,5 m vestan veggs inni í tóftinni. Tóftin er frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld.



Mynd 4. Snið frá Girðingum og Hofstöðum í Laxárdal.

Hofstaðir – kirkjugarður (15.7.2010)


Mælt er snið í vesturbakka uppgrafarins, um 0,5 sunnan unglegrar sorpgryfju (mynd 4). Gjóskulögin V-1717, V-1477 og H-1300 eru allskýr í sniðinu. Á milli V-1717 og V-1477 eru tvö þunn gjóskulög. Undir H-1300 er rauðleitt mannvistarlag og móaska. Í gryfjunni sést torflag (veggur) með LNS sem situr á um 5 cm þykku mannvistarlagi. Undir því er LNS *in situ*. H-1300 er um 25 cm yfir torfinu. Svo virðist sem gryfjan sé grafin eftir að V-1717 gjóskan féll, en lagið slitnar við gryfjubarminn. Í holu-D sést mögulega H-1104/1158 um 16 cm neðan V-1477 og 9 cm ofan LNS.

Skútustaðir – sorphaugur

Skoða einkum snið í SK-E3, nálægt norðvesturhorni (þar sem lægð er í hrauninu). Í sniðinu koma fram allnokkur skýr gjóskulög, s.s. V-1717, V-1477, V-1410, H-1300 og K-1262 (mynd 5). Tvö þunn gjóskulög eru á milli V-1717 og V-1477. Ljósu gjóskulögin H-1104/1158 sjást ekki. Mannvistarlag ná a.m.k. 95 cm undir H-1300, en ekki var grafið

dýpra. Móöskublandaður jarðvegur er í öllu sniðinu. Neðan H-1300 er áberandi mikið af gjalli í bland við jarðveginn.

Á syðra uppgraftarsvæðinu, SK-H, er V-1717 alláberandi ofarlega í sniðinu og einnig sést V-1477. Þunnt gjóskulag er um 1,5 cm ofan V-1477. Allskörp litaskil eru við V-1477, úr dökkgrárri mold fyrir ofan í rauðbrúna mold fyrir neðan (með beinum).



Mynd 5. Snið frá Skútustöðum.

HELSTU HEIMILDIR

- Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson 1988: Mývatn: Saga lífríkis og gjóskutímatál í Syðriflóa. Náttúruverndarráð, fjölrit 17.
- Guðrún Larsen 1982: Gjóskulagatímatál Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.
- Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. *J Volcanol. Geotherm. Res.* 22: 33-58.
- Guðrún Larsen 1992: Gjóskulagið úr Heklugosinu 1158. Yfirlit og ágríp, Veggspjalda-ráðstefna, Jarðfræðafélag Íslands, s. 25-27.
- Karl Grönvold, Níels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135: 149-155.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998: Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. *Archaeologia Islandica* 1: 110-118.
- Magnús Á Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Hafliði Hafliðason 2002: Gjóskulagarannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar. Vorráðstefna 2002. Ágríp erinda og veggspjalda, Jarðfræðafélag Íslands, s. 36-37.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Ulf Hauptfleisch, Árni Einarsson 2008: Gjóskulög frá 700-1250 e.Kr. í botnseti Mývatns. Í: *Archaeological investigations at Sveigakot 2006* (ritstj.: Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson). Fornleifastofnun Íslands, FS376-00217.
- Sigurður Þórarinnsson 1968: Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.